

Nd.

## 70. Nefndarálit

[17. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 3 1. febr. 1980, um tímabundið olflugjald til fiskiskipa, sbr. lög nr. 11 11. apríl 1980.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Þetta er þriðja frv. um tímabundið olflugjald sem lagt er fram á Alþingi á þessu ári. Fyrsta frv. var lagt fram í janúarmánuði og samþykkt á Alþingi 24. janúar 1980 og var olflugjald með því ákveðið 5%. Í frumvarpi því, sem núverandi sjávarútvegsráðherra lagði fram í marsmánuði á þessu ári, var olflugjald til fiskiskipa lækkað í 2.5%. Látið var í veðri vaka að ein af ástæðum þess að lækka þetta gjald um helming á miðri vetrarvertíð væri sú, að skráð gasolíuverð á Rotterdammarkaði hafi þá um nokkurt skeið farið lækandi. Við, sem stóðum að nefndaráli á þskj. 281 um þetta mál, vörðum við að breyta gjaldinu þann tíma sem eftir var af því fiskverðstímabili, því engin teikn voru á lofti sem gáfu til kynna að olíuverð færi lækandi á því tímabili, enda kom það á daginn að breyting varð ekki á olíuverði til lækkunar þetta fiskverðlagstímabil.

Þetta frumvarp gerir ráð fyrir að þrefalda tímabundið olflugjald og talið er gróft reiknað að þessi hækkun, sem fer fram hjá skiptaverði til sjómanna, sé um 6 milljarðar króna og er þá loðnuafllinn ekki tekinn með í þessari upphæð. Sjávarútvegsnefnd óskaði eftir því til þess að flýta afgreiðslu þessa máls, að fulltrúar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna og Alþýðusambands Íslands kæmu á fund nefndarinnar til að skýra viðhorf sín til þessa máls. Þar sem þing Sjómannasambands Íslands var haldið þessa daga var málið sent því til umsagnar.

Fulltrúar L.Í.Ú. og F.F.S.Í. mættu á fundi nefndarinnar og skýrðu viðhorf sín til málsins, en enginn fulltrúi kom frá A.S.Í. og engin umsögn barst frá því. Fulltrúar L.Í.Ú. skýrðu málið efnislega og það væri forsenda fyrir atkvæði fulltrúa útgerðarinnar í Verðlagsráði, að þessi hækkun yrði gerð á olflugjaldinu. Fulltrúar F.F.S.Í. lýstu yfir andstöðu sinni við að taka í vaxandi mæli af sjómönnum fram hjá skiptum með þeim afleiðingum að sjómenn fá ekki launahækkanir í samræmi við aðra launþega. Sjómannasamband Íslands ályktaði á þingi sínu að þann vanda, sem hækkun olíuverðs skapar útgerðinni, beri að leysa með sameiginlegu átaki landsmanna allra, en velta henni ekki yfir á sjómenn eina, eins og lagt er til með frv., og leggur til að það verði fellt.

Við undirritaðir nefndarmenn erum sammála því, að rekstrarvandamál útgerðarinnar eru mikil og taprekstur hefur farið hraðvaxandi allt þetta ár. Vanskilaskuldir útgerðarinnar einnar eru sennilega ekki undir 25–30 milliörðum króna. Lausn á þeim vanda finnst ekki með því að hækka olflugjaldið um 200% þegar eftir eru þrjú mánuðir af árinu.

Við fiskverðsákvörðunina, sem gilda á frá 1. október s.l., er verulega gengið á sjómenn. Það er því ekki óeðlilegt að í þeirri stétt gæti vaxandi óánægju þegar stjórnvöld standa hvað eftir annað að því að láta kjör þeirra ekki fylgja kauphækkunum annarra vinnustétta í þjóðfélaginu. Auk þess má minna á að aðgerðir stjórnvalda til að draga úr sókn í veigamestu fisktegundir leiða til kjararýrnunar sjómanna og útgerðarmanna, sem þeir hafa tekið bótalaust og án mótmæla.

Við undirritaðir nefndarmenn teljum að óskynsamlegt sé að rýra kjör sjómanna enn frekar en gert hefur verið, en teljum að hlut útgerðarinnar vegna hækkunar á olíuverði eigi að bæta með sameiginlegum aðgerðum sem ná til allra landsmanna, og erum við reiðubúnir til samráðs við sjávarútvegsráðherra um að leysa vanda útgerðarinnar með þeim hætti.

Við viljum ekki efna til vaxandi ófriðar milli sjómanna og stjórnvalda, eins og samþykkt þessa frumvarps mun gera, og erum því andvígir að frumvarpið ná fram að ganga, en teljum að ríkisstjórnin verði að standa við loforð sitt til útgerðarinnar að bæta henni verðhækkanir á olíu með sérstökum aðgerðum.

Alþingi, 30. okt. 1980.

Karvel Pálmason,  
fundaskr.

Matthías Bjarnason,  
frsm.

Pétur Sigurðsson.

Halldór Blöndal.